

Skólasóknarreglur Borgarbyggðar
Vegna veikinda og leyfa.

Fjarvistardagar	Verklag gildir fyrir skólaárið 180 daga.
0-9 dagar	Nemendur fá hrós fyrir góða mætingu
10-14 dagar	<p>Forstig:</p> <ol style="list-style-type: none"> 1. UK hringir í foreldra og athugar hvort eðlilegar skýringar liggi að baki veikindanna eða leyfa. 2. Ef ekki eru uppi áhyggjur af náms- eða félagslegri stöðu barnsins innan skólans vegna fjarveru, er ekki þörf á frekara inngripi. Fjarvistir eru til skráðar í mentor og verða teknar til endurskoðunar ef nemandi nær aftur 10-14 dögum. 3. Ef áhyggjur eru af náms- eða félagslegri stöðu barnsins metur skólastjóri/aðstoðarskólastjóri hvort skólaforðunarferli fer í gang (viðbragðsstig) 4. Póstur sendur af umsjónakennara á forsjáaðila þar sem næstu skref eru kynnt (viðbragðsstig)
15 – 18 dagar	<p>Viðbragðsstig</p> <ol style="list-style-type: none"> 1. Umsjónakennari viðkomandi nemanda boðar foreldra og nemanda á fund ásamt deildastjóra stigs. Vandí greindur og fundnar lausnir s.s. mætingasamningur gerður (fer eftir aldri). Umsjónakennari er ábyrgðaraðili og fylgir málinu eftir á öllum stigum. 2. Eftir 18 fjarvistardaga; útbýr umsjónakennari í samstarfi við deildastjóra stigs tilkynningu til lausnateymis og samþykkis aflagð hjá foreldrum.
19-29 dagar	<p>Hættustig</p> <p>Deildastjóri er ábyrgur fyrir málinu en umsjónakennari er áfram með honum í málinu og er tengiliður við heimilið og nemandann.</p> <ol style="list-style-type: none"> 1. Lausnateymi eða nemendavernd fjallar um erindið og setur af stað aðgerðaáætlun. 2. Deildastjóri viðkomandi stigs boðar foreldra og nemanda á fund ásamt umsjónakennara og náms- og starfsráðgjafa. Gerðar frekari greiningar og tillögur um frekari aðgerðir til að bæta skólasóknina. 3. Vísað til frekari úrvinnslu hjá fjölskyldusviði(skoðuð möguleg samþætting) sem metur þörfina á aðkomu viðeigandi sérfræðinga s.s. atferlisfræðing og/eða fjölskylduráðgjafa. 4. Ef ekki eru áhyggjur af náms- eða félagslegri stöðu barnsins er það metið í samráði við nemendavernd hvort tilkynna eigi málið sem barnaverndarmál. Tilkynning til barnaverndar gerð af skóla (skólastjóri) ef áhyggjur eru til staðar og forsjáraðilum kynnt það (eftir 29 fjarvistar daga)



30 dagar eða fleiri	Barnaverndarstig <ol style="list-style-type: none">1. Haldið áfram með fyrri úrræði2. Tilkynningarfundur hjá barnavernd er innan 7 daga frá því að tilkynning berst sem tekur ákvörðun um könnun tilkynninga.3. Ef mál er samþykkt í könnun þá er því úthlutað til barnaverndarstarfsmanns (eins fljótt og mögulegt er)4. Viðtal við foreldra, kallað eftir upplýsingum frá helstu stofnunum s.s. skólum og heilsugæslu. Mögulegt samstarf við skóla og málið sett í meðferðaráætlun/aðgerð í framhaldinu. Fundargerð unnin af barnaverndinni. Könnun máls í barnavernd getur tekið allt að 4 mánuði. Greinagerð um könnun, máli lokað eða gerð meðferðaráætlun.5. Meðferðaráætlun gerð af barnaverndarstarfsmanni t.d. aðkoma meðferðaraðila/sálfræðings, fjölskylduráðgjöf, sjúkrakennsla, PMTO meðferð, tilsjón, MST, fóstur o.fl. sett í gang í samvinnu forsjáraðila/skóla.6. Eftirfylgnifundur/teymisfundur barnaverndar með forsjáraðilum og skóla.7. Markmiði náð máli lokað.
----------------------------	---

